

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður. Ákærði Axel Samúelsson greiði og allan áfryjunarkostnað málsins, þar með talin málflytningu- og sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, yfirréttarmálaflutningsmannanna Eggerts Claessens og Odds Gíslasonar, 12 kr. til hvors.

Iðgjöldin greiðist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, og skal honum yfirleitt fullnægt með aðför að lögum.

Mánudaginn 4. júlí.

Nr. 32/1910:

Réttvísing

gegn

Bjargmundi Guðmundssyni.

*D ó m u r:

Með skilorðsbundnum dómi samkvæmt 1. gr. laga nr. 39, 16. nóvbr. 1907, sem upp var kveðinn í aukarétti Gullbringu og Kjósarsýslu 17. marz þ. á., var Bjargmundur Guðmundsson, vinnupiltur í Urriðakoti, dæmdur í 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð samkvæmt 253. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869; svo skyldi hann og greiða allan af málinu leiðandi kostnað, þar með talin málsvarnarlaun, 12 kr., til talsmanns

síns, Einars kaupmanns Þorgilssonar, að helmingi á móti meðákærða í héraði, Gunnari Jakobssyni. Þessum dómi hefir stjórnarráðið af hálfu réttvísinnar áfryjað til yfirdómsins.

Með játningu ákærða og öðrum skýrslum málsins hafa sannast á hann sakir þær, er nú skal greina. Laugardagskvöldið 16. oktbr. f. á. kom ákærði í sölubúð Edinborgarverzlunar hér í bænum og nefndi sig Björn Sigurðsson, til heimilis í Njálsgötu nr. 40; lét hann sýna sér íverufatnað og kaus sér grængrá jakkaföt, alklæðnað, er hann þóttist ætla að kaupa, og kostuðu 46 kr. 90 a. Honum var leyft að hafa fötin heim með sér til að máta þau, en hann lofaði að koma aftur með þau um kvöldið, eða snemma næsta mánudagsmorgun. Ákærði kom eigi aftur með fötin, en fór með þau heim til sín að Urriðakoti, segist hann hafa farið í þau einu sinni, og var þeim við rannsókn málsins skilað aftur Edinborgarverzlun óskemdum. Nálægt miðjum desembermánuði var ákærði aftur staddur hér og var fyrgreindur Gunnar Jakobsson frá Hraunsholti með honum, í þeim erindum að kaupa sér stígvél; fóru þeir inn í skófatnaðardeild Edinborgarverzlunar, og sagði Gunnar þar rangt til nafns síns og heimilis, lézt vera sendur af öðrum mauni, er hann nafngreindi, til að kaupa stígvél handa honum, en maðurinn yrði að fá stígvélin heim til að máta þau. Fekk hann sér þannig afhent stígvél, er hann fór með og eigi komu aftur til skila fyr er við rannsóknina. Sama dag var bróðir Gunnars, Eysteinn að nafni, kominn til bæjarins, og ætlaði hann einnig að kaupa sér stígvél. Ákærði hitti Eysteinn og bauð honum að kaupa fyrir hann stígvél; þektist Eysteinn það og fekk ákærða 10 kr. í því skyni.

Fór svo ákærði með Gunnari og eftir tilvísun hans inn í sölubúð Th. Thorsteinsson & Co. í Hafnarstræti og fekk þar út stígvél með sama hætti og Gunnar áður í Edinborgarverzlun, að hann skrökvaði til nafns síns og heimilis og lézt vera sendur af öðrum manni. Stígvél þessi afhenti hann Eysteini; af peningum hans, er ákærði hafði tekið við, tók hann undir sig 8 kr., en lét Gunnar skila Eysteini 2 kr. Búðarverð stígvélanna var 15 kr. og hefir þeim verið skilað verzluninni jafngóðum; svo hefir ákærði og endurgreitt Eysteini Jakobssyni áður nefndar 8 krónur.

Þessi brot ákærða, sem er fæddur 16. apríl 1890 og hefir eigi áður verið refsað, eru af undirdómaranum réttilega heimfærð undir 253 gr. hinna almennu hegningarlaga og þykir refsingin fyrir þau hæfilega metin af honum 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Svo felst og yfirdómurinn á, að refsingu þessari verði frestað samkvæmt fyrgreindum lögum 16. nóv. 1907, og að húu falli niður eftir 5 ár, ef ákærði fullnægir skilyrðum laganna, þó þannig, að fresturinn teljist frá uppsögn þessa landsyfirréttardóms. Eftir atvikum verður að samþykkja málskostnaðarákvæði aukaréttardómsins og ber þannig að staðfesta hann. Þá ber og ákærða að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflytningslaun til hins skipaða sækjanda og skipaða verjanda við yfirdóminn, 12 kr. til hvors.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður, þó svo, að frestun refsingarinnar teljist frá uppsögn þessa landsyfirréttardóms. Ákærði Bjargmundur Guðmundsson greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málfutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claessens 12 kr. til hvors.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 11. júlí.

Nr. 23/1910:

Björn Kristjánsson og Björn
Sigurðsson bankastjórar
gegn

Kristjáni Jónssyni háyfirdómara.

Dómur:

Með úrskurði fúgetaréttar Reykjavíkur, uppkveðnum 4. janúar þ. á., var stefnda, Kristjáni Jónssyni háyfirdómara, eftir kröfu hans en gegn mótmælum áfrýjendanna, þeirra Björns Kristjánssonar og Björns Sigurðssonar bankastjóra, veittur aðgangur að húsi landsbankans, bóku- og skjölum, til þess að hann gæti framkvæmt eftirlitsstarf sitt sem gæzlustjóri bankans, og var úrskurður þessi staðfestur með landsyfirréttardómi 25. apríl þ. á. Eftir að úrskurðurinn var kveðinn upp, krafðist stefndi